

við frv. til laga um vitamál.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Vitastofnun Íslands hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra.
Ráðherra ræður annað starfslið Vitastofnunar.
Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður eftirlitsmaður, ráðinn að fenginni umsögn Vitaneftndar. Hann skal annast eftirlit vitakerfisins.
2. Í stað orðsins „Vitamálastjórnar“ í fyrirsögn II. kafla komi: Vitastofnunar Íslands, og í stað orðanna „Vitamálastjóra“ og „Vitamálastjórn ríkisins“ síðar í frumvarpinu komi alls staðar: Vitastofnun Íslands.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Vitaneftnd skipa fimm menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fjórir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landsamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og Samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar fimmta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitaneftndar.
Vitamálastjóri og eftirlitsmaður með vitakerfi sitja fundi Vitaneftndar.
Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitaneftnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarneftnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitaneftnd þegar rétt er um mál er snera starfsemi viðkomandi aðila.
4. Við 6. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Formaður Vitaneftndar kveður nefndina saman til funda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður undirbýr fundina ásamt vitamálastjóra. Vitaneftnd skal fjalla um breytingar á álgöðu vitagjaldi, nýbyggingar vita, meiri háttar endurbætur og breytingar, rekstur vitakerfisins, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna „handa, og getur“ komi: handa. Getur.
6. Við 10. gr. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ komi: Vitastofnunar Íslands.
7. Við 13. gr. 2. og 3. málsgr. orðist svo:
Upplýsingar, er varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar Landsímans og í útvarpi þegar þörf krefur.
Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Vitastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjóferða.
8. Við 16. gr. Fyrri málsgr. skiptist í tvær málsgreinar, sem orðist svo:
Teljist starf vitavarðar vera meira en hálf starf, sbr. kjarasamninga opinberra starfsmanna, skal ráðið í starfið gegn greiðslu fastra mánaðarlauna.
Skulu öll störf vitavarðar í þjónustu ríkisins metin saman til stundafjölda og þá tekið fullt tillit til þess, hvenær sólarhrings störf eru unnin, þannig að störf utan venjulegs dagvinnutíma verði metin sem því fleiri tímar er nemur hærri greiðslu fyrir yfirvinnu en fyrir dagvinnu.